

Nd.

502. Frumvarp til laga

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. jan. 1940 skal greiða verðlagsuppbót á laun embættismanna og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana eins og segir í lögum þessum.

2. gr.

Við ákvörðun þessarar verðlagsuppbótar skal fylgja þeim reglum, sem settar eru í 2. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940, þannig að til 1. flokks skulu teljast laun 300 kr. eða minna á mánuði, til 2. flokks laun frá 300—400 kr. á mánuði og til 3. flokks laun yfir 400 kr. á mánuði, þó þannig, að af hærri mánaðarlaunum en 650 kr. greiðist einungis verðlagsuppbót af 650 kr., en ekki af því, sem þar er fram yfir. Þó má lágmark launa og uppbótar samanlagt í hærri launaflokki ekki vera lægra en hámark launa og uppbótar í næsta flokki fyrir neðan.

3. gr.

Nú tekur sami maður laun eða þóknun úr ríkissjóði fyrir fleira en eitt starf, og skal þá reikna verðlagsuppbótina af laununum samanlagt.

4. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á eftirlaun og styrktarfé samkv. 18. gr. fjárlaga. Hafi maður, sem nýtur eftirlauna eða styrktarfjár, einnig launað starf úr ríkissjóði, greiðist verðlagsuppbótin af fjárhæðunum samanlagt.

5. gr.

Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, fritt ljós og hiti o. s. frv., og greiðist ekki verðlagsuppbót á slík hlunnindi. Á húsaleigustyrk greiðist ekki heldur verðlagsuppbót.

6. gr.

Embættismönnum, sem fá greitt skrifstofufé úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði, eftir reikningi, er fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á laun embættismanna að viðbætti þeirri dýrtiðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum.

8. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist eftir á, mánaðarlega í senn, og miðast við visitölu þá, sem ákveðin er í byrjun ársfjórðungsins.

9. gr.

Rísi ágreiningur út af flokkun launa eða ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr, en heimilt er að leggja ágreininginn undir úrskurð dómstólanna.

10. gr.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 51 12. febr. 1940 falla úr gildi með gildistöku þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.